

## REGLUGERÐ

um merkingu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara,  
sem seldar eru í smásölu.

### 1. gr.

Viðskiptaráðherra ákveður með auglýsingum, hvaða vörutegundir skuli merkja samkvæmt reglugerð þessari.

### 2. gr.

Um skilgreiningu matvæla og annarra neyslu- og nauðsynjavara samkvæmt reglugerð þessari fer eftir 1., 2. og 3. gr. l. nr. 24 frá 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

### 3. gr.

Ákvæði reglugerðar þessarar og auglýsinga samkvæmt henni ná jafnt til erlendra- ar vöru sem innlendirar.

### 4. gr.

Á umbúðum vöru eða á fylgiskjöllum hennar, svo sem ábyrgðarskírteinum eða vörumerkingarseðlum skulu vera greinilegar og skiljanlegar upplýsingar um eftirfarandi atriði, eftir því sem við verður komið og máli skiptir:

1. Heiti vörunnar.
2. Eðli og eiginleika vörunnar.
3. Samsetningu vörunnar, ef um samsetta vöru er að ræða, og skal greina magn hvers efnisþáttar í vörunni, svo og viðbótarefni.
4. Meðferð vörunnar.
5. Endingu eða geymsluþol vörunnar.
6. Nettóþyngd innihalds, einingarfjölda eða lagarmál.
7. Nafn og heimilisfang framleiðanda, seljanda hennar í smásölu og/eða þess aðila, sem búið hefur um vöruna.
8. Síðasta söludag og hvenær varan er sökum aldurs hættuleg heilsu manna.
9. Önnur þau atriði, sem varan ber ekki sjálf greinilega með sér og sem skipta máli varðandi mat neytenda á gæðum vörunnar og notagildi.

Í auglýsingum samkvæmt 1. gr. reglugerðar þessarar verður kveðið nánar á um framkvæmd merkinga hvorrar vörutegundar þ. á m. hvaða atriði ber sérstaklega að tilgreina í vörumerkingu.

### 5. gr.

Vörumerkingu annast framleiðendur, innflytjendur og seljendur, eftir því sem við á.

### 6. gr.

Undanþegnar ákvæðum reglugerðar þessarar eru vörur, sem hlíta sérstökum reglum um ítarlegri merkingar, en kveðið er á um í reglugerð þessari.

### 7. gr.

Reglugerð þessi haggar ekki ákvæðum laga og reglugerða um merkingu einstakra vörutegunda.

### 8. gr.

Óheimilt er að bjóða til sölu vöru, sem ekki eru merktar í samræmi við fyrir- mæli reglugerðar þessarar svo og auglýsingar sbr. 1. gr. reglugerðarinnar. Enn fremur er óheimilt að bjóða til sölu vöru, þótt merktar séu samkvæmt fyrir- mælum um merkingu, ef vörumerkingin hefur að geyma rangar upplýsingar um vöruna.

**9. gr.**

Um eftirlit með frankvæmd reglugerðar þessarar og auglýsinga samkvæmt 1. gr. reglugerðarinnar gilda viðeigandi ákvæði laga nr. 24 frá 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum.

Nú kemur í ljós við rannsókn, að ekki hefur verið fylgt fyrirmælum um vörumerkingu, skal lögreglustjóri þá veita hlutaðeigendum hæfilegan frest til að koma málum í rélt horf. Ef ekki hefur verið úr bætt, að fresti liðnum, er lögreglustjóra heimilt að koma í veg fyrir, að vörur, sem ekki uppfylla fyrirmæli um vörumerkingu, séu boðnar til sölu.

**10. gr.**

Brot á reglugerð þessari og auglýsingum samkvæmt henni varða sektum og sæta meðferð opinberra mála.

**11. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 24 frá 1. febrúar 1936 um eftirlit með matvælum og öðrum neyslu- og nauðsynjavörum öðlast þegar gildi.

*Viðskiptaráðuneytið, 19. september 1973.*

**Lúðvík Jósepsson.**

*Pórhallur Ásgeirsson.*

**REGLUGERÐ**

um breytingu á reglugerð nr. 57 12. apríl 1960 um ökukennslu,  
próf ökumanna o. fl.

**1. gr.**

43. gr., sbr. reglugerð nr. 186 1966, orðist svo:

Sérstaka heimild til aksturs dráttarvéla og léttra bifhjóla skal rita á eyðublöð fyrir ökuskirteini, sbr. 42. gr., þannig: „Skirteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél“, eða: „Skirteinishafi hefur heimild til að stýra léttru bifhjól“, eða: „Skirteinishafi hefur heimild til að stýra dráttarvél og léttru bifhjól“. Ökuskirteini til aksturs dráttarvéla og léttra bifhjóla einungis skal eigi tölusetja. Slík ökuheimild er ótímabundin.

Sá, sem heimild hefur til aksturs bifreiða, hefur og heimild til aksturs dráttarvéla. Sá, sem heimild hefur til aksturs bifhjóla, hefur og heimild til aksturs léttra bifhjóla.

**2. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 40 23. apríl 1968, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 28. september 1973.*

**Ólafur Jóhannesson.**

*Ólafur W. Stefánsson.*